

Skólaráðsfundur 26. nóvember 2019

Mætt: Laufey, Þráinn, Bertha, Daniela, Esja, Gréta, Hulda, Snædís

Starfsáætlun Vogaskóla 2019 – 2020

Snædís kynnti starfsáætlun skólans sem verður sett á heimasíðu skólans ásamt öllum öðrum áætlunum skólans. Starfsáætlunin var skoðuð og samþykkt af skólaráði.

Samræmd könnunarpróf

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk skoðaðar.

Normaldreifðar einkunnir í 4. og 7. bekk notaðar til samanburðar á milli ára.

- Íslenskan á uppleið hjá Vogaskóla miðað við Reykjavík.
- Framfarastuðull skoðaður og Snædís útskýrir hvernig unnið er með hann. Útskýrt að flestir taki prófin þó svo að nemendur sem eru með mikil frávik frá þroska fái undanþágu. Snædís ræddi einnig aðrar staðlaðar kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur skólans. Sýnir drög að umbótaráætlun.

Leiktæki á skólalóð

- Esja, Snædís, Daniela og vinaliðar ræddu hugmyndir um hvað hægt væri að kaupa og gera til að bæta skólalóðina.
- Snædís fer yfir hvað hún er búin að skoða. Mikill hugur fyrir mini trampólín. Það þarf að skoða kostnað við það. Lagði til að við skoðuðum hugmyndir. Hagur allra að vinna þetta í samvinnu við Buskann og frístundaheimilið.
- Hugmynd að ræða við KSÍ varðandi battavöll.
- Vogasel kanna með yngri börnum hvað þau myndu vilja sjá á skólalóðinni.
- Hægt er að fá lánað dót á skólalóðina sem er án gjalds, einu sinni í mánuði.
- Hafa einstaka sinnum í boði fyrir miðstig að vera inni, t.d. í jóga.

Umræður um símalausan dag á unglíngastigi og hvort hugur sé fyrir spilum í frímínútum.

Athuga hvort íþróttasalurinn sé laus í matarhléi unglínga.

Desember skipulag

- Skólaráð ákveður að halda hefðinni með kyndlaferðina í kirkjuna sem áætluð er 19. des.

Önnur mál

- Skertir skóladagar 19. og 20. desember útskýrðir.